

Fiskeldi Austfjarða hf.

10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði

Mat á umhverfisáhrifum - frummatsskýrsla

6. Umhverfisáhrif

6.9 Verndarsvæði



1.1 6. Verndarsvæði

1.1.1 6.9.1 Grunnástand

Samkvæmt lögum 60/2013 um náttúruvernd eru náttúruminjar, náttúruvæðingarsvæði sem ákveðið hefur verið að vernda með friðlýsingu, friðun eða með öðrum hætti. Náttúruverndarsvæði eru friðlýst svæði, önnur svæði og náttúruminjar sem eru á náttúruminjakrá, sem og afmörkuð svæði og náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Í Seyðisfirði er ekki að finna nein friðuð svæði. Öll starfsemi staðsett á sjó en ekki á landi, en þar af leiðandi mun fyrirhugað fiskeldi ekki hafa nein áhrif á friðlýst svæði.

6.9.2 Viðmið umhverfisáhrifa

Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar á verndarsvæði eru eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030

6.9.3 Umhverfisáhrif

Fyrirhugað fiskeldi mun ekki hafa bein áhrif á þá náttúru sem er tilgreind í náttúruminjakrá eða á svæðum sem njóta hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi Seyðisfjarðar, þ.e. leirur, skeljasandsfjörur, lífríki, setlög með blaðföllum, gróðurfar, fjölbreytni í landslagi, gljúfur, útsýni, fuglalíf og fjörusvæði. Þessi verndarsvæði eru utan fyrirhugaðra fiskeldissvæða og bein áhrif eldisins á náttúru eru fyrst og fremst staðbundin.

6.9.4 Vöktun og umhverfisáhrif

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna áhrifa fyrirhugaðs eldis á verndarsvæði. Áður var fjallað um vöktun vegna áhrifa á eðliseiginleika sjávar og vistfræðilega þætti. Sú vöktun mun stuðla að heilbrigði verndarsvæðanna og lífríkis í fjörðunum.

6.9.5 Niðurstaða

Framkvæmdin kemur ekki til með að hafa bein áhrif á verndarsvæði eða gildi þeirra. Áhrifin eru því metin óveruleg.